



Þegar F.V. heimsótti Eskifjörð var saltfiskhúsið svo til fullt af nýsöltuðum fiski.

hefi haft gaman af því að fylgjast með kolmunnaveiðunum í sumar, og hefi mikla trú á því að kolmunninn geti gefið af sér margvísleg hráefni á næstunni, en fyrst og fremst held ég að hann verði veiddur til bræðslu.

SKUTTOGARINN BREYTTI ÖLLU

F. V.: Þið voruð með þeim fyrstu að hefja útgerð skuttogara á Íslandi, og það á tímum þegar menn voru ekki almennt of hrifnir af skuttogarakaupum. Hverju breytti koma togaranna fyrir fyrirtækið, og hvernig er rekstri fyrirtækisins hátt- að í stórum dráttum nú, og hve margt er starfsfólkið?

Aðalsteinn: Já, það er rétt,

að við vorum, ásamt Norðfirðingum, fyrstir til að hefja rekstur skuttogara, en árið 1972 kom Hólmatindur, sem var byggður í Frakklandi. Við komu togarans varð öll hráefnisöflun öruggari þannig að öll vinnsla varð stöðugri hjá frystihúsinu og saltfisk- og skreiðarvinnslunni. Við endurbætur frystihússins varð svo ljóst, að einn togari væri ekki nægilegur til hráefnisöflunar, og því var Hólmanes keypt í samvinnu við K. H. B., eins og áður segir, og með afla þessara tveggja skipa er fyrirtækinu séð fyrir nægum bolfiskafla, þegar við bætist sá afli sem það fær af öðrum skipum sem frá Eskifirði eru gerð út. Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda.

hvar við stæðum nú, hefðu togararnir ekki komið til sögunnar.

Þú spurðir um rekstur fyrirtækisins nú. Hann er orðinn allmargbrotinn, en sjálfsagt að gefa lauslegt yfirlit yfir hann. Fyrirtækið rekur nú hraðfrystihús, saltfisk- og skreiðarvinnslu, síldar (loðnu) bræðslu, 1½ togara, en bæði skipin hafa alla afgreiðslu hér á Eskifirði, veiðarfæragerð, véla- og bifreiðaverkstæði, þurrkhús, og svo er söltuð síld hjá Jóni Kjartanssyni h.f., og kannske gleymi ég einhverju. Starfsmannafjöldi er nokkuð breytilegur en trúlega oft um 200 manns, það er fimmti hver Eskifirðingur. Vinnslan er stöðug að heita má árið um kring, nema hvað bræðsluna vantar tilfinnanlega hráefni mikinn hluta ársins, og þó svo að loðnan sé ágæt, og gaman að taka við henni til bræðslu, þá vantar hana samt þann „sjarma“ er síldinni fylgdi.

F. V.: Nú ert þú Aðalsteinn, landskunnur undir nafninu „Alli ríki“. Hvernig varð þér við þegar þú heyrðir það nafn í fyrstu?

Aðalsteinn: Þegar ég heyrði þetta nafn fyrst, vissi ég að fólk sagði það í háði. En það var blaðamaður á Þjóðviljanum sem sá um að opinbera nafnið „Alli ríki“ fyrir landsmönnum, og ég hefi ekki tapað á því að hafa fengið þessa nafngift, en menn geta verið ríkir á ýmsan hátt. Ég held, að maður sem er bjartsýnn og ólátur verði aldrei fátækur.



Ármúla 22. Sími 32140

**Alls konar auka-
hlutir í allar gerðir bifreiða**